

Ed.

541. Þingsályktun

um kæliskip.

(Afgreidd frá Ed. 6. maí).

Alþingi ályktar að skora á atvinnumálaráðherra að skipa 5 manna nefnd. Skal nefndin skipuð þannig: 1 nefndarmanna eftir tillögum stjórnar Búnaðarfel. Íslands, 1 eftir tillögum stjórnar Sambands íslenskra samvinnufjelaga, 1 eftir tillögum Verslunarráðs Íslands, 1 eftir tillögum stjórnar Fiskifjelags Íslands og 1 tilnefni ráðherrann, og er sá maður jafnframt formaður nefndarinnar. Nú gera einhverjar af þessum stofnunum engar tillögur um skipun í nefndina, og skal þá atvinnumálaráðherra skipa í það sæti.

Verkefni nefndarinnar sje:

1. að rannsaka verkefnið fyrir kæliskip hjér við land og skilyrðin fyrir, að slíkt skip gæti borið sig fjárhagslega.
2. að beitast fyrir, að aflökinni áðnrgreindri rannsókn og að fenginni viðunandi niðurstöðu, að fram fari almenn fjársöfnun til fyrirhugaðs kæliskips.
3. Að láta undirbúa fyrir næsta þing áætlun um stærð skipsins, byggingarkostnað, rekstrarkostnað og annað, er máli skiftir í því efni.